

1992 nr. 30 27. maí

Lög um yfirskattanefnd

Tóku gildi 1. október 1992. Breytt með l. 111/1992 (tóku gildi 1. jan. 1993), l. 37/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 31/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996), l. 37/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), l. 96/1998 (tóku gildi 24. júní 1998) og l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005).

Upphafssíkvæði.

■ **1. gr.** Ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talin rekstrartöp, skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirskattanefnd.

Gildissviði.

■ **2. gr.** Úrskurðarvald yfirskattanefndar tekur til ákvörðunarskatta og gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt . . .¹⁾ lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald, lögum um Iðnlánsajóð, lögum um iðnaðarmálagjald, lögum um Útflutningsráð Íslands, lögum um málefni aldraðra, lögum um skattskyldu innlásstofnana, lögum um Pjóðarbókhlöðu og endurbærut menningarbygginga, lögum um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnaði, lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri, lögum um húsnæðisssparnaðarrekninga, lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald, lögum um sérstakt vörugjald, lögum um almannatryggingar er varða skattákvörðun og öllum öðrum lögum um skattákvörðun.

□ Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur um öll gjöld sem skattstjórar og ríkisskattstjóri úrskurða um skv. 1. mgr.

□ Yfirskattanefnd skal úrskurða um sektir skv. [109., sbr. 110. gr., laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skv. 30. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, [skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skv. 38.–40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 145/1994, um bókhald, og skv. 84.–87. gr., sbr. 88. gr., laga nr. 144/1994, um ársreikninga].²⁾

¹⁾ L. 129/2004, 93. gr. ²⁾ L. 37/1995, 8. gr.

Aðild.

■ **3. gr.** Skattaðilum er heimilt að skjóta til yfirskattanefndar kærúrskurðum skattstjóra og ríkisskattstjóra um skattákvörðun og skattstofna.

□ Ríkisskattstjóra og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélagi er heimilt að kæra úrskurði skattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.

□ Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart yfirskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda. Við ákvörðun sekta kemur skattransóknarstjóri fram sem kröfuaðili.

Lögsaga.

■ **4. gr.** Yfirskattanefnd hefur lögsögu á öllu landinu og hefur aðsetur í Reykjavík. Nefndinni er þó heimilt að ákveða málflutning og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef hún telur þörf á.

Kærufrestur.

■ **5. gr.** [Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera þrí manúðir frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra.]

□ Kæra skal vera skrifleg. Kærunni skal fylgja frumrit eða endurrit úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra sem kæran tekur til. Í kærunni skal koma fram hvaða atriði í úrskurðinum sæta kæru og rökstuðningur fyrir kröfum. Gögn, sem ætluð eru til stuðnings kærunni, skulu fylgja í frumriti eða endurriti.

□ Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal yfirskattanefnd beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal yfirskattanefnd vísa kærunni frá.]¹⁾

□ [Kæra til yfirskattanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.]²⁾

¹⁾ L. 96/1998, 1. gr. ²⁾ L. 37/1993, 36. gr.

Gagnaöflun.

■ **6. gr.** Yfirskattanefnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum er kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 5. gr., skal yfirskattanefnd tafarlaust senda skattstjóra endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa skattaðila kost á, innan hæfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn. Sama gildir eftir því sem við á um kæru sveitarfélags.

□ Ríkisskattstjóri skal í tilefni af málsméðferð fyrir yfirskattanefnd afla frumgagna skattstjóra varðandi hina kærðu ákvörðun skattstjóra.

□ Ríkisskattstjóri skal hafa lagt fyrir yfirskattanefnd innan 45 daga, frá því að honum barst endurrit kæru, rökstuðning í málinu fyrir hönd gjaldkrefjenda og nauðsynleg gögn er hann hefur aflað frá skattstjóra. [Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástaða sé til þess að afla frekari gagna.]¹⁾

□ [Yfirskattanefnd er jafnan heimilt að beina því til skattaðila eða ríkisskattstjóra að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja þeim ákvæðinn frest í því skyni.]¹⁾

¹⁾ L. 96/1998, 2. gr.

Málflutningur.

■ **7. gr.** Skattaðila er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flatt mál munnlega fyrir yfirskattanefnd. Sömu óskir getur ríkisskattstjóri sett fram. Ósk skattaðila eða ríkisskattstjóra um munnlegan málflutning skal koma fram í rökstuðningi hans í kæru. Formaður yfirskattanefndar ákveður hvort munnlegur málflutningur fari fram og skal tilkynna skattaðila og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun sína.

□ Ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreining um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum er yfirskattanefnd heimilt að ákveða sérstakan málflutning. Skal yfirskattanefnd þá afgreiða mál skv. 4. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr.

□ [Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fengnum gögnum sem um ræðir í 6. gr. og andmælum kæranda eftir því sem ástaða er til.

□ Séu gögn skv. 3. mgr. 6. gr. ekki lögð fyrir yfirskattanefnd innan frests sem þar greinir er yfirskattanefnd heimilt að kveða upp úrskurð á grundvelli fyrrliggjandi gagna, enda telji hún málið nægilega upplýst.]¹⁾

¹⁾ L. 96/1998, 3. gr.

Lok málsméðferðar.

■ **8. gr.** [Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 3. mgr. 6. gr. Ef gögn þessi berast ekki fyrir lok frests sem þar greinir skal sex mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.

□ Nú fellur úrskurður yfirskattanefndar skattaðila í hag, að hluta eða öllu leyti, og getur yfirskattanefnd þá úrskurðað greiðslu málkostnaðar úr ríkissjóði, að hluta eða öllu leyti, enda hafi hann haft uppi sílka kröfu við meðferð málins,

um sé að ræða kostnað sem eðlilegt var að hann stofnaði til vegna meðferðar málsins og ósanngjarnt væri að hann bæri þann kostnað sjálfur.]¹⁾

¹⁾ L. 96/1998, 4. gr.

Nefndarmenn.

■ **9. gr.** Í yfirskattanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og skulu fjórir nefndarmannanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í [85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ um embættisgengi skattstjóra. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætið skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.

□ Formaður yfirskattanefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber á henni ábyrgð. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirskattanefnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddir. Hann skipar forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd.

□ Í hverju máli skulu þrír nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns yfirskattanefndar.

□ Hafi yfirskattanefnd ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr., skulu fimm nefndarmenn taka þátt í úrlausn máls.

¹⁾ L. 129/2004, 94. gr.

Sérfróðir aðilar.

■ **10. gr.** Yfirskattanefnd er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með yfirskattanefnd eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun yfir starfann. Sératkvæði.

■ **11. gr.** Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríflofnar í aðstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns eða varaformanns ef formaður situr ekki í nefndinni.

Skattframtal sem kæra.

■ **12. gr.** Berist yfirskattanefnd kæra sem rökstudd er með skattframtni sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra skal nefndin senda kæruna til skattstjóra til uppkvaðningar nýs úrskurðar. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun.

□ Með slíkt mál skal skattstjóri fara skv. 99. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ og ljúka úrskurði innan tveggja mánaða frá því að honum barst málið til meðferðar frá yfirskattanefnd.

¹⁾ L. 129/2004, 95. gr.

[Endurákvörðun vegna kæru.]¹⁾

¹⁾ L. 96/1998, 5. gr.

■ **13. gr.** [Komi fram í kæru til yfirskattanefndar sem ríkisskattstjóri hefur til umsagnar skv. 6. gr. upplýsingar eða gögn sem ekki hafa legið fyrir skattstjóra við hina kærðu skattákvörðun en ríkisskattstjóri telur að eigi að leiða til verulega breytrar niðurstöðu í málínu er ríkisskattstjóra heimilt að gefa skattaðila kost á því að honum verði gerður skattur að nýju, sbr. 3. mgr. 101. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ með þeim áhrifum að kæran til yfirskattanefndar teljist afturkölluð. Í tilkynningu um þetta til skattaðila skal tilgreina þær breytingar sem af endurákvörðun mundi leiða. Veita skal

skattaðila 15 daga frest til að fara fram á endurákvörðun á þessum grundvelli og er hún ekki heimil án samþykki hans. Fari skattaðili fram á endurákvörðun skal ríkisskattstjóri tilkynna það yfirskattanefnd þegar í stað. Heimilt er ríkisskattstjóra að leggja fyrir skattstjóra að framkvæma endurákvörðun samkvæmt þessari grein.]²⁾

¹⁾ L. 129/2004, 96. gr. ²⁾ L. 96/1998, 5. gr.

Útgáfa úrskurða.

■ **14. gr.** Yfirskattanefnd skal gefa út helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu en tryggja ber að úrskurðir, sem fordæmisgildi hafa, birtist þar. Málskot til dómstóla.

■ **15. gr.** Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla.

□ [Frestur fjármálaráðherra til málshöfðunar í tilefni af úrskurði yfirskattanefndar er sex mánuðir.

□ Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að mæla með því við fjármálaráðherra að höfðað verði mál í því skyni að fá úrskurði yfirskattanefndar hnækkt og getur hann þá jafnframt farið þess á leit við yfirskattanefnd að úrskurðurinn verði ekki láttinn hafa fordæmisgildi að svo stöddu. Yfirskattanefnd er heimilt að fallast á slíkt erindi ef sýnt þykir að skattframkvæmd gæti raskast bagalega ef niðurstöðu úrskurðar yrði breytt með dómi. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan frests skv. 2. mgr. eða ef dómari fellst ekki á flýtimeðferð málsins eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála.

□ Sé mál höfðað vegna úrskurðar yfirskattanefndar er nefndinni heimilt að fresta afgreiðslu annarra sambærilegra mála sem til meðferðar eru fyrir henni.]¹⁾

¹⁾ L. 96/1998, 6. gr.

Vanhæfi nefndarmanns.

■ **16. gr.** Skylt er nefndarmanni að víkja sæti úr nefndinni í málí ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málínu.

□ Þá er nefndarmanni óheimilt að sitja í nefndinni til úrskurðar um kærumál skattaðila sem hann hefur haft afskipti af í fyrri störfum sínum og varðar skattákvörðun viðkomandi. Starfsmenn yfirskattanefndar.

■ **17. gr.** Yfirskattanefnd er heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausna mála auk almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

Gjaldabreytingar.

■ **18. gr.** Þegar yfirskattanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra eintak úrskurðar og tilkynna innheimtumanni um gjaldabreytingu sem nefndin kann að ákveða samhliða því að endurrit úrskurðar er sent skattstjóra. Skattaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi.

Pagnarskylda.

■ **19. gr.** Starfsmönnum yfirskattanefndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt að að fara, þar að meðal um tekjur og efnahag skattaðila. Pagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til að krefja yfirskattanefnd ofangreindra upplýsinga skal sama pagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari pagnarskylda hvíli á honum að lögum.

Reglugerð.

■ **20. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfshætti og störf yfirskattanefndar með reglugerð, þar með talið um réttarfarsreglur sem nefndin skal starfa eftir.

Eftirlit.

■ **21. gr.** Fjármálaráðherra hefur eftirlit með störfum yfirskattanefndar og fylgist með að hún ræki skyldur sínar. Árlega skal yfirskattanefnd senda fjármálaráðherra skýrslu um störf sín.

Sektarmeðferð.

■ **22. gr.** Yfirskattanefnd úrskurðar um sektir fyrir brot á lögum þeim sem talin eru í 2. gr. laga þessara nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar. Við meðferð máls skal gæta ákvæða laga um meðferð opinberra mála að því er varðar rétt sökunautar og varnir hans. [Skatt-

rannsóknarstjóri ríkisins]¹⁾ kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni við ákvörðun sektar og annast kröfugerd í sektarmálum. Úrskurðir nefndarinnar um sektarfjárhæð eru fullnaðarúrskurðir. Sektir skulu renna í ríkissjóð, nema vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þá skal sektarfjárhæð renna í viðkomandi sveitarsjóð.

□ Um innheimtu sektar gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. laga þessara.

¹⁾ L. 111/1992, 27. gr.

Gildistaka.

■ **23. gr.** Yfirskattanefnd skal hefja störf 1. júlí 1992. . . .
Ákvæði til bráðabirgða.

■ **L-IV.** . . .